

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 21.03.2022
Tilv. 2022/0090 - 0.3.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendalán o.fl. (ógildir skilmálar í neytendasamningum), 75. mál.

Vísað er til tölvubréfs, dags. 7. mars 2022, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendalán, lögum um fasteignalán til neytenda, lögum um ábyrgðarmenn og lögum um neytendasamninga (ógildir skilmálar í neytendasamningum).

Neytendastofa óskar eftir að koma að eftirfarandi umsögn um frumvarpið.

I. Athugasemdir við 1. og 2. gr. frumvarpsins

Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á 1. mgr. 34. gr. núgildandi laga um neytendalán nr. 33/2013. Í frumvarpinu er lögð til sú breyting að brot gegn ákvæðum laganna valdi ávallt bótaskyldu en núverandi ákvæði kveður á um að brot geti valdið bótaskyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Þau sjónarmið sem lágu að baki tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 voru að nauðsynlegt væri að halda fullu samræmi innan Evrópusambandsins til að tryggja að allir neytendur innan sambandsins, þ.m.t. innan Evrópska efnahagssvæðisins, nytu mikillar og sambærilegrar verndar hagsmuna sinna og til að koma á fót heilum og óskiptum innri markaði. Það er álit Neytendastofu að umrædd breyting er tekur til bótaskyldu sé óþörf og geti verið til þess fallin að fara gegn þeim sjónarmiðum sem framangreind tilskipun er byggð á.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að á eftir núgildandi 34. gr. komi ný 34. gr. a sem kveði á um að samningar og samningsskilmálar sem brjóti í bága við ákvæði laganna séu ógildir en að kröfu neytanda skuli samningur gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án ógildra skilmála. Það er álit Neytendastofu að umrædd breyting sé óþörf og geti verið til þess fallin að vera í andstöðu við framangreind sjónarmið um fulla samræmingu á sviði neytendaverndar. Frumvarpið ber ekki með sér að borið hafi verið saman hvort og þá hvaða áhrif ákvæðið hafi fyrir vernd neytenda samkvæmt 36. gr. – 36. gr. d. laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sem nú þegar eiga við um ósanngjarna samningsskilmála. Þá bendir Neytendastofa á að í núgildandi lögum nr. 33/2013 er að finna ákvæði sem kveða á um úrbætur fyrir neytendur ef lánveitendur eða lánamiðlarar brjóta gegn ákvæðum laganna. T.d. er kveðið á um í 2. mgr. 26. gr. laganna að brjóti lánveitandi eða lánamiðlari gegn ákvæði 1. mgr., er tekur til hámark árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, er neytanda ekki skylt að greiða heildarlántökukostnað láns.

Að mati Neytendastofu þyrfti í það minnsta að kveða nánar á um og skilgreina nánar brot gegn hvaða ákvæðum laganna leiði til þess að samningar teljist ógildir en ef af breytingu verður mun ákveðin mótsögn felast í bæði 1. og 2. másl. nýrrar 34. gr. a sem og mótsögn við núgildandi 34. gr.

II. Athugasemdir við 3. og 4. gr. frumvarpsins

Neytendastofu telur að sömu sjónarmið eigi við um tillagðar breytingar á 1. mgr. 59. gr. og nýja 59. gr. a laga um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 og fjallað hefur verið um í kafla I hér að framan.

III. Athugasemdir við 5. og 6. gr. frumvarpsins

Í 5. og 6. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn. Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að á undan 1. mgr. 10. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar sem eru svohljóðandi:

„Brot á lögum þessum veldur skaðabótaskyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar.

Samningar og samningsskilmálar sem brjóta í bága við ákvæði laga þessara eru ógildir. Að kröfu neytanda skal samningur gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án ógildra skilmála.“

Í núgildandi 1. mgr. 10. gr. laganna er kveðið á um að ábyrgðarmaður verði ekki skuldbundinn af ábyrgðarsamningi hafi lántaki aldrei orðið skuldbundinn til að inna greiðslu af hendi samkvæmt samningi við lánveitanda. Þá er í öðrum ákvæðum laganna kveðið á um með skýrum hætti hvenær ábyrgð ábyrgðarmanns er takmörkuð og hvenær ábyrgðarmaður verður ekki talinn skuldbundinn af ábyrgðarsamningi, m.a. í 3. mgr. 2. gr., 2. mgr. 6. gr. og 3., 4., og 5. mgr. 7. gr. laganna. Með hliðsjón af framangreindu er það álit Neytendastofa að umræddar breytingar séu óþarfar og ekki í anda laganna.

Með hliðsjón af þeirri umfjöllun hér að framan telur Neytendastofa að sú breyting sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins sé óþörf.

III. Athugasemdir 7. gr. frumvarpsins

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að í 1. másl. nýrrar 29. gr. a. laga nr. 16/2016, um neytendasamninga, verði kveðið á um að að brot gegn lögnum valdi skaðabótaskyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar. Með hliðsjón af því sem fram kemur í athugasemdum Neytendastofu í I. kafla telur Neytendastofa réttara að kveða á um að brot gegn ákvæðum laganna „geti valdið“ skaðabótaskyldu en það orðalag er í samræmi við ákvæði annarra laga á sviði neytendaréttar. Þá telur Neytendastofa rétt að vekja athygli á því að almennar reglur skaðabótaréttarins geta ávallt átt við þegar brot gegn lögum og reglum á sér stað, óháð sérstöku lagaákvæði með þar til gerðri vísun.

Við 2. másl. nýrrar 29. gr. a. laga nr. 16/2016 samkvæmt 7. gr. frumvarpsins gerir Neytendastofu sömu athugasemdir og fram koma í I. kafla við 2. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Þórunn Anna Árnadóttir


Matthildur Sveinsdóttir